



## Innviðaráðuneytið

Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Reykjanesbær, 5. júní 2026  
Mál nr. 2026010453

### Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (Gjaldaákvæði hafnalaga), mál nr. 93/2026

Óskað er eftir umsögn Reykjanesbæjar um áform um frumvarp til breytingu á gjaldaákvæðum hafnarlaga nr. 61/2003.

Í fyrirhuguðu áformi um lagasetningu kemur fram að úrlausnarefnið sé að tekjum hafna sé ætlað að standa undir uppbygginu og viðhaldi grunninnviða annars vegar og almennri þjónustu við notendur hafna hins vegar. Mikilvægt sé að lagagrundvöllur til innheimtu tekna sé skýr og gagnsær. Stefnt er að því að skilgreina betur og einfalda þau ákvæði sem eru grundvöllur tekna hafna, höfnunum og notendum þeirra til hagsbóta.

Reykjanesbær er sammála þeim áformum að gjaldaákvæði hafnarlaga nr. 61/2003 verð tekin til endurskoðunar með það að markmiði að fyrirhuguð breyting geri höfnum kleift að innheimta þjónustugjöld svo tekjur standi undir rekstri og fjárfestingum hafna, s.s. daglegum rekstri, fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnarinnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnar.

Halldór K. Hermannsson  
Sviðsstjóri atvinnu- og hafnamála